

4. bekkur - Íslenska - Hausti2020

Kennarar: Ingibjörg Halla Hjartardóttir; Rakel Heimisdóttir

4

Lýsing

Þetta er kennsluáætlun í íslensku í 4. bekk, haustönn 2020. Hæfni nemenda er metin jafn óðum. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni

Íslenska

Kennsluáætlun 4. bekkur H20

Rauði þráðurinn í öllu íslenskunámi í 4. bekk er að þjálfra lestur, lesskilning og að auka orðaforða nemenda.

Einnig þjálfast nemendur nokkrum grunnatriðum íslenskrar málfræði og stafsetningu, þjálfast í ritun, upplestri, hlustun og töluðu máli.

Lestur, lesskilningur og orðaforði:

- **Yndislestur:** Allir morgnar hefjast á yndislestri þar sem hver og einn les bók að eigin vali
- **Heimalestur:** Nemendur lesa upphátt heima 5x í viku
- **Lestur námsbóka:** nemendur lesa saman og einstaklingslega námsbækur í hinum ýmsu fögum
- **Upplestur:** nemendur lesa upphátt fyrir samnemendur t.d. úr sögubókum
- **Samlestur:** nemendur skiptast á að lesa upphátt úr námsbókum
- **Orð dagsins:** nemendur skiptast á að koma með orð dagsins að heiman og kynna fyrir samnemendum sínum

Málfræði:

Nemendur kynnast byrjunaratriðum í málfræði með fjölbreyttum hætti. Þau grunnatriði sem farið verður í eru:

- Lýsingarorð
 - Sagnorð
 - Nafnorð
- o Sérnöfn og samnöfn
- o Eintala og fleirtala
- o Kyn
- Samsett orð

Ritun:

Nemendur þjálfist í að skrifa texta frá eigin brjósti og eftir forskrift. Einnig þjálfast nemendur í að draga rétt til stafs og læra grunnatriði í stafsetningu.

- Sögubók, fer heim u.þ.b. einu sinni í mánuði
- Skriftarbók, nemendur skrifa tengiskrift eftir forskrift

- Stafsetning

o Sóknarskrift

- Myndasögugerð
- Atburðablöð
- Verkefnabækur
- Veggspjaldagerð
- Ljóðavinna

Talað mál, hlustun og áhorf:

Nemendur þjálfast í að tala skýrt og áheyrilega. Hlusta á aðra af athygli og átt góð samskipti.

- Umræður/samræður í kennslustundum
- Bekkjarfundir eru haldnir u.þ.b. einu sinni í viku
- Upplestur úr sögubókum
- Nestislestur, kennari les fyrir nemendur
- Leiksýningar

Námsmat

Lesferill: nemendur eru lestrarprófaðir 3x á skólaárinu

Vinna og virkni nemenda metin jafnóðum

Stuttar kannanir öðru hverju

Spjaldtölvur

Ýmis íslenskuforrit, t.d. af námsvef Snælandsskóla og MMS

Snillismiðja, t.d. Fingrafimi

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.